

Tveir landsleikir í borðtennis

Borðtennismenn hafa fyrir nokkru hafið æfingar, og fyrsta stórverkefni vetrarins verður landsleikur við Færeyjar 27. og 28. október í Laugardalshöllinni. Ísland og Færeyjar háðu landsleik í borðtennis í Færeyjum fyrir hálfu ári, og sigruðu Íslendingar þá nokkuð örugglega. 16. og 17. nóvember verður haldið Norðurlandamót í borðtennis og fer það fram í Randers í Danmörku, áætlað er að 10 Íslendingar taki þátt í því móti.

Í byrjun desember koma svo kínverskir snillingar í borðtennis hingað til lands. Halda þeir sýningu hér og einnig mun fara fram „málamyndalandsleikur í borðtennis á milli Íslands og Kína, hann verður þó sennilega ekki eins jafn og leikurinn við Færeyinga“, að því er talsmaður Borðtennissambandsins sagði.

Víkingskonur

Akveðið hefur verið að stofna kvennadeild innan Víkings, og er markmið deildarinnar að efla félagslíf meðal Víkingskvenna. Stofnfundur deildarinnar verður haldinn í kvöld í Víkingsheimlinu og hefst klukkan 21.

Suðurlandsmót í frjálsum

UMSK VANN ÖRUGGAN SIGUR

Agætur árangur náðist í nokkrum greinum á Suðurlandsmeistaramóti í frjálsum íþróttum, sem háð var að Selfossi dagana 1. og 2. september s.l. Eitt aldursflokksmet var sett, Þráinn Hafsteinsson, HSK, kastaði karla-kringlunni 39,29 metra og er það nýtt sveinamet.

Sigurvegari í stigakeppninni varð Ungmennasamband Kjalarnesþings sem hlaut 223 stig. Héraðssambandið Skarphéðinn varð í öðru sæti með 178 stig, Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, sem nú tók í fyrsta sinn þátt í Suðurlandsmóti varð í þriðja sæti með 91 stig og Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu varð í fjórða sæti með 13 stig.

Um jafna og skemmtilega keppni var að ræða í mörgum greinum, sérstaklega þó í hlaupunum, en mótvindur var í sprettihlaupunum og kom það niður á árangri keppendanna.

Meðal afrekanna sem vert er að benda sérstaklega á, er spjótkast

Asbjörns Sveinssonar, UMSK, góður árangur Karls, Arna, Hafsteins og Þráins í hástökki, 1500 metra hlaup Önnu Haraldsdóttur úr ÍBH, góður árangur í kúluvarpi kvenna, og í hástökki kvenna, en þar setti Guðrún Agústs dóttir nýtt HSK-met með því að stökkva 1.50 metra og sigraði hún þá með Kristínu Björnsdóttur, sem verið hefur í fremstu röð íslenskra hástökkkvenna undanfarin ár.

Helztu úrslit í móti fara hér á eftir:

KONUR:
100 metra hlaup: sek
Sigríður Þorsteinsd. HSK 14,6
Hafdis Ingimarsd. UMSK 14,7
Guðrún Agústs dóttir, HSK 15,0

1500 metra hlaup: mín
Anna Haraldsd. ÍBH 5:31,2
Lára Halldórsd. ÍBH 5:42,7
Aðalbjörg Hafsteinsd. HSK 6:07,7

4x100 metra boðhlaup
Sveit HSK 54,5 sek.

Sveit UMSK 55,4 sek.
Sveit ÍBH 63,3 sek.

Langstökk: Metr.
Hafdis Ingimarsd. UMSK 5,02
Valdis Leifsdóttir, HSK 4,74
Björg Kristjánsd. UMSK 4,74

Kúluvarp:
Sigríður Skúladóttir, HSK 10,42
Kristín Björnsd. UMSK 10,18
Gunnþórunn Geirsd. UMSK 9,75

200 metra hlaup: sek.
Kristín Björnsd. UMSK 27,9
Sigríður Þorsteinsd. HSK 27,9
Hafdis Ingimarsd. UMSK 28,1

800 metra hlaup: mín
Anna Haraldsdóttir, ÍBH 2:34,4
Ingibjörg Ívarsdóttir, HSK 2:38,3
Björg Kristjánsdóttir, UMSK 2:42,6

Hástökk: metr
Guðrún Agústs. HSK 1,50
Kristín Björnsd. UMSK 1,46
Anna Haraldsdóttir, ÍBH 1,43



Micael Vachun ásamt Önnu konu sinni og dótturinni Petru.

lengra í júðóinu. „Mér virðist,“ sagði Vachun, „að Íslendingar vilji bara keppa, en hafi ekki áhuga á að æfa kerfisbundið.“

Eftir að ég keppti hér á landi í fyrra fórum ég og félagar mínir í keppnisferð til Danmerkur. Í Danmörku komst ég að þeirri niðurstöðu, að beztu Íslendingarnir eru álíka, ef ekki betri en þeir beztu í Danmörku. Svavar Carlsen er án efa beztu júðómaður Norðurlanda, því miður er hann ekki í

góðri æfingu um þessar mundir, en hann verður örugglega kominn í þjálfun á Norðurlandamóti.

Norðurlandamótið í júðó fer fram í Svíþjóð í apríl á næsta ári, og er áætlað að þar verði 10–12 íslenskir keppendur. Vonandi ná íslensku þátttakendurnir góðum árangri þar — það er Micael Vachun kominn til að tryggja.

Áij.



4x100 metra boðhlaup: sek
Sveit HSK 46,9
Sveit UMSK 46,9
Sveit ÍBH 54,0

Spjótkast: metr
Asbjörn Sveinsson, UMSK 59,30
Hafsteinn Jóhannesson, UMSK 44,30
Helgi Benediktss. HSK 44,12

Kúluvarp:
Guðmundur Jóhanness. UMSK 12,28
Stefán Gíslason, USVS 12,10
Asbjörn Sveinsson, UMSK 11,85

Langstökk: metr
Guðmundur Jónss. HSK 6,53
Karl W. Fredriksen, UMSK 6,50
Arni Þorsteinss. ÍBH 6,19

Hástökk:
Karl W. Fredriksen, UMSK 1,95
Arni Þorsteinss. ÍBH 1,90
Hafsteinn Jóhanness. UMSK 1,80
Þráinn Hafsteinsson, HSK 1,80

200 metra hlaup: sek.
Trausti Sveinbjörnss. UMSK 23,4
Guðmundur Jónss. HSK 23,7
Jón Sigurmundss. HSK 24,0

800 metra hlaup: mín
Erlingur Þorsteinss. UMSK 2:08,6
Sigurður P. Sigmundss. ÍBH 2:09,2
Þórður Gunnarss. HSK 2:13,7

3000 metra hlaup: mín
Erlingur Þorsteinss. UMSK 9:45,8
Sigurður P. Sigmundsson, ÍBH 9:46,9
Þórður Gunnarsson, HSK 10:16,1

1000 metra boðhlaup: mín
Sveit UMSK 2:11,3
Sveit HSK 2:13,5
Sveit ÍBH 2:22,1

Kringlukast: metr.
Þráinn Hafsteinss. HSK 39,29
Guðmundur Jóhanness. UMSK 38,16
Ásgrímur Kristóferss. HSK 37,06

Stangarstökk:
Guðmundur Jóhanness. UMSK 3,60
Karl W. Fredriksen, UMSK 3,20
Albert Sigurjónsson, HSK 3,20

Þrífstökk:
Karl Stefansson, UMSK 13,77
Helgi Hauksson, UMSK 13,74
Bjarki Reynisson, HSK 12,66